
318. Guðmundur Ingi Kristinsson (Hovedindlæg)

Velferðarnefnd Norðurlandaráðs styður tillöguna. Það er mjög mikilvægt að koma í veg fyrir fátækt barna á Norðurlöndum. Flokkur fólksins á Íslandi var stofnaður í þeim tilgangi númer eitt að útrýma fátækt barna og þess vegna styð ég þessa mikilvægu tillögu sem felst í því að kortleggja fátækt barna á Norðurlöndum. En alls ekki gera fleiri skýrslur um fátækar fjölskyldur og börn þeirra heldur förum nú að nota niðurstöðurnar úr öllum þessum skýrslum sem þegar er búið að gera um fátækt barna á Norðurlöndum. Notfærum okkur allar þær kostnaðarsömu skýrslur um fátækt og þar með allar tölfræðilegar upplýsingar, súlurit, svo ég tala nú ekki um kökuritin sem til eru um börn og fjölskyldur þeirra sem eiga ekki einu sinni fyrir brauði eða mat eða fötum á börnin sín eða hvað þá fyrir tómsundum þeirra. Þá efast ég ekki um að Covid-heimsfaraldurinn hefur haft áhrif og aukið fátækt barna á Norðurlöndum og það þarf að skoða vel. Fötlun, slys og veikindi, t.d. geðræn veikindi, eiga ekki að vera ástæða fyrir fátækt barna. 17. október er baráttudagur til útrýmingar fátæktar og vonandi getum við hér á Norðurlöndum gert þann dag óþarfan sem fyrst og það með sameiginlegri norrænni framkvæmdaáætlun um að útrýma sem fyrst fátækt barna á Norðurlöndum. Það á að vera okkar forgangsmál númer eitt.

Skandinavisk oversettelse

Utskottet för välfärd i Norden stödjer förslaget. Det är mycket viktigt att förebygga fattigdom bland barn i Norden. När vi grundade Folkets parti på

Island var vårt främsta mål att utrota barnfattigdom och därför ställer jag mig bakom detta viktiga förslag om kartläggning av barnfattigdom i Norden. Men inte för att vi ska skriva fler rapporter om fattiga familjer och deras barn utan vi måste nu börja använda de resultat som redan föreligger i alla de rapporter som redan har skrivits om barnfattigdom i Norden. Låt oss använda alla de dyrt framställda rapporter om fattigdom och all den statistik, stapeldiagram, för inte att nämna alla cirkeldiagram, som finns om barn och deras familjer som inte ens har råd med bröd eller mat eller kläder till barnen, ännu mindre fritidsaktiviteter. Jag tvivlar inte heller på att coronapandemin har haft sin inverkan och ökat barnfattigdom i Norden, och det måste vi få en insyn i. Vi får inte acceptera funktionsnedsättning, olyckor och sjukdomar, t.ex. psykisk ohälsa, som orsaker till barnfattigdom. Den 17 oktober firas internationella dagen för utrotande av fattigdom och förhoppningsvis kan vi här i Norden snarast se till att den dagen inte behövs längre genom att upprätta en gemensam nordisk handlingsplan om att avskaffa fattigdom bland barn i Norden. Det måste bli vår prioritet nummer ett.

Informasjon

Tale nummer

318

Type

Hovedindlæg

Person

[Guðmundur Ingi Kristinsson](#)

Speaker role

UVN

Status

Waiting for transcription

Dato

03.11.22 10:40

Sak

[Medlemsforslag om å redusere antall barn og unge som vokser opp i vedvarende lavinntekt](#)

